


Iðnaðarráðuneyti			
Málenr.	IDN 0080019	Ábrn.	H.B.
Blyk.	2.1.1	Aðrir	pH
Mótt.	19.11.2011	Fskj.	
Aths.		Trúnm.	

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS



Iðnaðarráðuneytið
Lindargötu Amarhvoli
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 09.11.2011
Tilv. 00.25
GS

Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi iðnaðarráðuneytisins, dags. 19. ágúst sl., þar sem óskað er umsagnar um till. til þingsál. um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Landgræðslan mun ekki taka afstöðu með eða á móti einstökum virkjunarkostum eða hvernig þeim er forgangsraðað. En flestum eða öllum virkjunarkostum fylgir jarðrask og yfirleitt er gróðri og jarðvegi eytt með einhverjum hætti við virkjunarframkvæmdir, hvort sem það er við gerð miðlunalóna, jarðrask vegna mannvirkjagerðar, línulagnar eða með öðrum hætti. Í flestum tilvikum er ekki hægt að endurskapa beint töpuð vistkerfi og tekur oftast mörg ár eða áratugi, jafnvel árhundruð, fyrir ný vistkerfi að þróast þannig að þau verði sambærileg við þau vistkerfi sem fyrir voru. Landgræðslan leggur þunga áherslu á að þess verði vel gætt við undirbúning virkjunarframkvæmda og útgáfu framkvæmdaleyfa að sem minnstur skaði verði á vistkerfum vegna byggingar virkjana eða annarra framkvæmda og að tryggt verði, eftir því sem unnt er, að glötuð eða skemmd vistkerfi verði bætt með mótvægisáðgerðum þannig að í stað þess sem tapast, verði endurheimt a.m.k. ígildi þess sem tapast hefur. Mikilvægt er að mótvægisáðgerðir verði skipulagðar samhliða hönnun og undirbúningi virkjana og um þær verði samið áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Þannig ætti að nást betri sátt um virkjunarframkvæmdir. Landeigendum, virkjunaraðilum og öðrum hagsmunaaðilum væri strax í upphafi ljóst hvernig tekið verður á þessum málum og efasemdum og tortryggji þar með ýtt úr vegini. Síðast en ekki síst væru hagsmunir landsins betur tryggðir en er með núverandi fyrirkomulagi.

Að öðru leyti gerir Landgræðslan ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,

Guðrún Stefánsson,
sviðsstjóri